

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallalax ehf (áður Fjallableikja) Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	19.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fjallalax ehf (áður Fjallableikja)	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Johnny Indergaard	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Silja, Matthew og Sverre	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirliti en eitt eldra frávik er enn opið. Frávik sem snýr að mælingum á losun næringarefna í viðtaka verður áfram opið þar til niðurstöður mælinga berast stofnuninni.

Rekstraraðila er bent á að setja þurfi upp varnir gegn því að villtur fiskur komist inn í hreinsivirki stöðvarinnar (settjörn og tromlusíu).

Eins að láta fjarlægja gamla meltutanka við stöðina og fara í almenna tiltekt á útisvæðum.

Óskað er eftir afriti af uppfærðum lagnateikningum af frárennsli stöðvarinnar þegar framkvæmdum við tromlusíu og settjörn líkur.

Farið er fram á að upplýsingum um nýja olúgeyminn verði komið á framfæri við stofnunina.

Eins er óskað eftir uppfærðri neyðaráætlun ásamt viðfestu samkomulagi við móttökuaðila dauðfisks.

Óskað er eftir tölvupósti með upplýsingum um nýjan tengilið rekstraraðila við Umhverfisstofnun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Fyrir lá að skoða fiskeldi Fjallalax ehf., sem er landeldi (klak- og seiðaeldi) með leyfi fyrir allt að 100 tonna lífmassa á hverjum tíma.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Silja Baldvinsdóttir, Johnny Indergaard, Matthew Chernin, Sverre Vormedal frá Fjallalax (Amarlax) og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Farið yfir eldri útafstandandi mál, stöðu fráviks og ábendinga síðustu ára.
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins, framleiðslumagn og stöðu gagnvart losunarmörkum.
- Farið yfir helstu kröfur í starfsleyfinu.
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022.
- Olúmannvirki. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir.

1. Í eftirliti ársins 2020 (rekstraraðili var Fjallableikja ehf.) komu fram frávik sem snúa að því að ekki eru til gögn um flokkun og skráningu úrgangs, ekki eru til skráningar/mælingar/útreikningar á losun næringarefna frá stöðinni ásamt því að undanfarin ár hefur framleiðsla í stöðinni verið umfram þau 20 tonn sem þáverandi starfsleyfi heimilaði.

Farið var yfir stöðu fráviks og kom fram að:

a. Flokkun úrgangs er hafin og samningur við Terra umhverfisþjónustu hf. um vigtun og móttöku úrgangs. Við það munu skráningar í stöðinni batna. Frávikinu er lokað.

b. Sýnataka í samræmi við kröfur í starfsleyfi er hafin og losun næringarefna í viðtaka verður einnig reiknuð út frá fóðri. Lífmassi í stöðinni er nú um 5 tonn og því langt undir kröfum í starfsleyfi. Frávikid verður áfram opið og verður það þar til gögn um losun í frárennsli berast stofnuninni.

c. Búnaði sem fangar dauðan fisk úr stöðinni (sleppigrind) hefur verið komið fyrir í frárennsli og því er frávikinu lokað. Farið var fram á að settar yrðu upp varnir gegn því að villtur fiskur komist inn í hreinsivirki stöðvarinnar.

Ábendingar fyrri ára;

a) um að fjarlægja gamla meltutanka utandyra eru komnar í ferli. Fjarlægja á meltutanka fyrir árslok.

b) þegar verklegum framkvæmdum við útiker lýkur verður tiltekt utandyra og skal henni vera lokið síðsumars 2023.

Úttekt á þessum atriðum verður gerð í næsta eftirliti.

2. Fjallalax hf. tók við stöðinni á síðasta ári og fyrstu hrogn í stöðina voru afhent í janúar sl. og seiði komu í stöðina í maí sl. Unnið er við breytingar á útikerjum, endurnýjum á lögnum og tengingar inn á tromlusíu neðst í lóðinni. Farið er fram á að stofnunin fái uppfærða lagnateikningu fyrir frárennsli stöðvarinnar sem sýni hvernig inniker og útiker tengist inn á tromlusíuna og settjörn (partur af Höskuldslæg 2, sjá vatnavefsíu).

Við komu í eftirlit var lífmassi í stöðinni um 5 tonn sem er í góðri sátt við leyfileft umfang stöðvarinnar. Rekstraraðili ætlar að reikna losun næringarefna sem berast í viðtaka út frá fóðri og að láta mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis og senda afrit af niðurstöðunum til Umhverfisstofnunar. Bent er á að mæla skal svifagnir

og lífrænt efni tvisvar á ári. Eins skal mæla magn heildarfosfórs og heildarköfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki.

3. Stöðin er með nýtt starfsleyfi, gefið út í janúar sl. Leyfið heimilar allt að 100 tonna lífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Samkvæmt starfsleyfi skulu eftirfarandi skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Unnið er að samningi við fyrirtækið Arctic Protein um móttöku á dauðfiski og/eða fiski sem fellur til vegna massadauða og rekstrarstöðvunar. Stofnunin óskar eftir afriti af neyðaráætlun stöðvarinnar þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við móttökuaðila dauðfisks. Aðrar áætlanir liggja fyrir.

Árlega skal taka saman „ársyfirlit“ og „umhverfisupplýsingar“ í samræmi við greinar 4.4 og 4.5 í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila tvisvar á ári.

Tromlusía og settjörn skal vera á frárennslislögn stöðvarinnar og losun fosfórs má ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífsmassaaukningu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífsmassaaukningu á ári.

Beðið er eftir gögnum sem staðfesta að losun sé í samræmi við grein 3.4 í starfsleyfi.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með starfsfólki sem var viðstatt eftirlitið. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

5. Allt vatn er sjálfrennandi í stöðinni og því er ekki þörf á rafstöð. Tveir eldri olíugeymar eru við húsvegg á stöðinni. Þeir verða fjarlægðir og nýr tvöfaldur neyslugeymir (N1) sem kominn er á staðinn verður færður og komið fyrir utan akstursleiða og með tilskildar árekstrarvarnir. Farið er fram á að upplýsingum um nýja geyminn verði komið á framfæri við stofnunina.

6. Farið var í skoðun á stöðinni. Gengið um innanhúss og var þar allt snyrtilegt um að litast.

Skoðaðar voru framkvæmdir við útiker og frárennslis stöðvarinnar, tromlusíu og settjörn. Settjörnin var áður stífla í Höskuldslæg (vatnshlot nr. 103-844-R) með yfirfalli. Við komu í eftirlit hafði tjörnin verið tæmd og því engin settjörn í útrás stöðvarinnar. Rekstraraðila er bent á að grafa þurfi út settjörn sem botnfellir svífagnir og lífrænar leifar frá eldun áður en frárennslid rennur í viðtakann Höskuldslæg 2.

Skoðuð aðstaða við olíumannvirki, meltutanka, lager og úrgangshauga. Fara þarf í tiltekt utanhúss.

ÁBENDINGAR

a) Rekstraraðila er bent á að setja þurfi upp varnir gegn því að villtur fiskur komist inn í hreinsivirki stöðvarinnar (settojörn og tromlusíu).

b) Rekstraraðila er bent á að fjarlægja þarf gamla meltutanka við stöðina og fara í almenna tiltekt á útisvæðum.

c) Óskað er eftir afriti af uppfærðum lagnateikningum af frárennslis stöðvarinnar þegar framkvæmdum við tromlusíu og settjörn líkur.

d) Farið er fram á að upplýsingum um nýja geyminn verði komið á framfæri við stofnunina.

e) Eins er óskað eftir uppfærðri neyðaráætlun með viðfestu samkomulagi við móttökuaðila dauðfisks (massadauða).

f) Óskað er eftir tölvupósti með upplýsingum um nýjan tengilið rekstraraðila við Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.10.2022



Gottskálk Friðgeirsson